

Nd.

350. Frumvarp til laga

[165. mál]

um breyting á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

Niðurlag 88. gr. laganna orðist svo:

Stefnt skal að því að ákvæði laganna um síðasta ár skólaskyldu komi til framkvæmda samtímis á landinu öllu 7 árum eftir gildistöku laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í skýrslu menntamálaráðherra til Alþingis í aprílmánuði 1978 um framkvæmd grunnskólalaga og undirbúning undir níu ára skólaskyldu, sbr. ákvæði til bráðabirgða í grunnskólalögum, var tekið fram í formála að meginatriði væri að lok skyldunáms og nám á framhaldsskólastigi tengdist með eðlilegum hætti. Færi því vel á því að Alþingi fjallaði samtímis um 9. ár grunnskólans, þ. e. lengingu skólaskyldu um eitt ár, og framhaldsskólastigið. Lagafrumvörp um skipan mála á framhaldsskólastigi hafa fjórum sinnum verið lögð fyrir Alþingi, en eigi orðið útrædd. Engar líkur er á því að unnt verði að setja löggjöf um framhaldsskólastigið á því Alþingi, sem nú situr. Hinsvegar segir í gildandi lögum að stefnt skuli að því að níu ára skólaskylda komi til framkvæmda að sex árum liðnum frá gildistöku grunnskólalaga, þ. e. haustið 1980. Ef miðað er við landið allt, þá munu um 95% unglinga sækja 9. bekk grunnskóla, þótt þetta sé misjafnt í þéttbýli og strjálbýli, en þegar grunnskólalög voru sett sóttu um 85% unglinga 9. bekk. Ætla má að menn séu samála um, að hvort sem skólaskylda verður 8 ár eða 9, þá verði fyrir hendi námsframboð níunda árið fyrir alla þá, sem þess vilja njóta. Sá munur er þó á, að ef um skólaskyldu yrði að ræða 9. árið þyrfti Námsgagnastofnun (Ríkisútgáfa námsbóka) að leggja nemendum þess bekkjar til námsbækur sem öðrum skyldunámsnemendum. Hitt er þó aðalatriði málsins, að við skyldunámslok eigi nemendur greiðan aðgang að framhaldsskólum, hvort sem menn kjósa að skólaskyldan verði 8 eða 9 ár. Mælir því margt með því að ákveða samtímis skólaskipan á framhaldsskólastigi og lengd skólaskyldu.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, miðar að því að fresta um eitt ár framkvæmd lagaákvæða um lenging skólaskyldu úr 8 árum í 9 með það fyrir augum að unnt verði að afgreiða löggjöf um framhaldsskólastigið innan þess tíma.